

Nd.

109. Frumvarp til laga

[89. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öllu leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

Gistihús (hótel): Gististaður af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

Gistiskáli: Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.

Gististaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.

Greiðasala: Sala á veitingum, rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.

Skemmtistaður: Veitingahús, þar sem seldar eru veitingar, en sem ekki er opið alla daga vikunnar.

Söluskýli: Staður, þar sem seldir eru gosdrykkir, öl og sælgæti og salan er ekki háð reglum sölubúða um lokunartíma og annað.

Tækifærisveitingar: Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Veitingastofa: Veitingastaður, þar sem seldir eru heitir og kaldir drykkir, brauð og kökur, en ekki heilar máltíðir.

Veitingahús: Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té alla venjulega þjónustu við veitingasölu, hefur fyrirskipaðan búnað og er opin allan daga vikunnar.

Veitingastaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seldar eru veitingar.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkja fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastöðum eða öðrum stöðum, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga.

3. gr.

Enginn má gera sér gistihúshald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu í skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.

4. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráða.
2. Hefur forræði á búi sínu.

3. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að leitað sé um þau álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg. Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

5. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að formaður stjórnar og þeir, sem firmað rita, og þeir, sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjir eru, fullnægi skilyrðum 4. gr.

6. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, er hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 4. gr. er ekki lengur fullnægt, eða skilyrðum 5. gr., sé um félag að ræða.
2. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis, innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytisins er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Protabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram, meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

III. KAFLI

Um gististaði.

10. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa leyfi til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda).

Nú er forstöðumaður gististaðar ekki eigandi starfseminnar né ber á henni fjárhagslega ábyrgð, og er þá heimilt að gefa út gistihúsleyfi á hans nafn, með samþykki þeirra, sem bera fjárhagslega ábyrgð á starfseminni.

Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem tiltekið er í leyfisbréfi.

11. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:

1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri við daglega stjórn maður, er fullnægir skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og eftirlitsmanni samkvæmt VI. kafla laga þessara, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

12. gr.

Hver sá, er öðlast vill viðurkenningu á því að hafa sérþekkingu til að starfa í gistihúsi, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsa-stjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal fullnægja skilyrðum 1.—3. töluliðs 4. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

13. gr.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús“ eða önnur heiti, sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel“, nema eigandinn hafi áskilin leyfi.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, að flokka gistihús eftir gæðum og auðkenna þannig, að hægt sé að átta sig á, í hvaða flokki þau eru. Um þetta setur ráðuneytið reglur, svo og um aðbúnað gesta og búnað gistiherbergja á einkaheimilum, sem leigð eru gestum fyrir milligöngu gistihúsa eða annarra aðila.

14. gr.

Leyfi til rekstrar gistiskála eða gistiheimilis veitir einnig réttindi til veitinga-starfsemi.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, að krefjast þess, að í gistiskálum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

IV. KAFLI

Um veitingastaði.

15. gr.

Veitingaleyfi veita réttindi til veitingastarfsemi og eru þessi:

1. Leyfi fyrir veitingahús, er veitir rétt til allrar veitingasölu, sem stunduð er að jafnaði alla daga vikunnar fyrir allar máltíðir. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Leyfi fyrir skemmtistað, er veitir rétt til veitingasölu, sem þó er ekki stunduð alla daga vikunnar.

3. Leyfi fyrir veitingastofu, er veitir rétt til sölu á heitum og köldum drykkjum, brauði og kökum, en ekki á heitum máltíðum.
4. Leyfi fyrir söluskýli, er veitir rétt til sölu á gosdrykkjum, öli, sælgæti og tóbaksvörum.
5. Leyfi til greiðasölu, er veitir rétt til sölu veitinga í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem aðeins er látin í té takmörkuð þjónusta.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um flokka veitingaleyfa og gististaðaleyfa og þær kröfur, sem gerðar eru til hvers um sig. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni (eiganda).

Nú er forstöðumaður veitingastaðar ekki eigandi starfseminnar né ber á henni fjárhagslega ábyrgð, og er þá heimilt að gefa út veitingaleyfi á hans nafn, með samþykki þeirra, sem bera fjárhagslega ábyrgð á starfseminni.

Leyfi heimilar eingöngu rekstur í þeim húsakynnum, sem til er tekið í leyfinu.

16. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 14. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanna, að krefjast þess, að í veitingahúsum og á skemmtistöðum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

V. KAFLI

Um matstofur á vinnustöðum.

17. gr.

Matstofur á vinnustöðum, sem ætlaðar eru til matseldar að staðaldri fyrir 30 manns eða fleiri, skulu háðar eftirliti samkvæmt lögum þessum og skulu uppfylla sömu kröfur um hreinlæti og vinnuaðstöðu sem gerðar eru til veitingahúsa af svipaðri stærð.

18. gr.

Heimilt er, auk hinnar venjulegu starfsemi, að nota slíkar matstofur fyrir starfsfólk það, sem þær eru ætlaðar, til samkomuhalds og veitinga, utan venjulegra matmálstíma, án sérstaks leyfis, en ekki má leigja þær til annars samkomuhalds með veitingasölu, nema að fengnu veitingaleyfi samkvæmt lögum þessum.

VI. KAFLI

Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

19. gr.

Ráða skal sérfróðan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar eftirlitsmaður undir stjórn landlæknis. Heimilt er landlækni að fela sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum, sem starfandi eru í kaupstöðum, eftirlit þar.

Eftirlitsmaður skal leita aðstoðar heilbrigðisnefnda og héraðslækna, þar sem hann eða landlæknir telja þess þörf. Ákvörðunum eftirlitsmanns (svo og heilbrigðiseftirlits) má skjóta til ráðuneytis.

20. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrir-
mælum eftirlitsmanns og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur
laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan
frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um
stundarsakir, eftir kröfu landlæknis, ef ekki er bætt úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðuneytið gefur út fyrirsmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og
annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirsmælum þessum má ákveða sameigin-
legan opunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja einstaka
grein veitingastarfsemi.

Sveitarstjórn getur ákveðið opunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan
sins umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirsmælum þeim, sem ráðuneytið
setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á
slíkum ákvæðum.

Ákvæði þau, er gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara,
um opunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út
fyrirsmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipun þessara mála, nema ráðuneytið
ákveði annað.

22. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað | kr. 3000.00 |
| 2. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi, söluskýlisleyfi | — 1500.00 |
| 3. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi | — 1000.00 |
| 4. Leyfi til tækifærisveitinga og bráðabirgðaleyfi samkv. 24. gr. | — 150.00 |
| 5. Gjald fyrir endurnýjun leyfis | — 150.00 |

Þeir aðilar, sem hafa öðlazzt veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga um veit-
ingasölu, gistihúsahald o. fl., nr. 21, 15. júní 1926, skulu aðeins greiða endurnýj-
unargjald af fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt lögum þessum.

Nú er starfsemi flutt í ný húsakynni og þarf af þeim orsökum að gefa út nýtt
leyfi, og skal þá greiða jafn hátt gjald og við venjulega endurnýjun leyfis, enda
sé starfsemin á hinum nýja stað sams konar og á hinum fyrri.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá greiðast
gjald fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fjögurra ára fresti gegn gjaldi samkv. 21. gr., 5. tl.
Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar og má innheimta það
með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja
kærur frá eftirlitsmanni eða heilbrigðiseftirliti um alvarlegar misfellur á rekstr-
inum, unz úr hefur verið bætt.

23. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá yfir leyfi samkvæmt lögum þessum, önnur en
leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé
rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðu-
neytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og eftirlitsmanni, fyrir 1. marz ár hvert,
eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

24. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið útgefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 11. gr., allt til ársloka 1966.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

25. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt hann hafi ekki í þjónustu sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss minnst 2 ár, getur næstu 5 árin eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—3. tölul. 4. gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlast nægilega þekkingu á gistihúsastarfsemi.

26. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúsaahald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. október 1961 skipaði samgöngumálaráðherra fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 21, 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúsaahald o. fl. Skyldi við endurskoðunina höfð hliðsjón af frumvörpum til nýrra veitingalaga, sem legið hafa fyrir Alþingi 1951, 1957 og 1958, en ekki náð fram að ganga, svo og til umræðna um frumvörp þessi á Alþingi. Hinn 5. desember var sjötta mannum bætt í nefndina, að beiðni Sambands Matreiðslu- og framreiðslumanna.

Í nefndinni áttu sæti þessir menn, sem hafa orðið sammála um tillögur nefndarinnar: Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Benedikt Gröndal, alþm., dr. Jón Sigurðsson, borgarlæknir, Pétur Danielsson, veitingamaður, Símon Sigurjónsson, framreiðslumaður og Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri.

Tillögur nefndarinnar ganga að mestu leyti í sömu átt og hin eldri frumvörp, en þó er tekið tillit til eindreginna óska samtaka veitinga- og gistihúsaeigenda um breytingar á nokkrum atriðum, svo og ábendinga, sem fram komu í umræðum um málið á Alþingi á sínum tíma, um ýmsa efnisgalla og formgalla á frumvarpinu, eins og það lá fyrir.

Stærsta nýmæli tillagna nefndarinnar er það, að hún leggur til, að eftirlit með gisti- og veitingahúsum, sem í eldri frumvörpunum var lagt til að falið yrði Ferða-

skrifstofu ríkisins, jafnhliða heilbrigðiseftirliti, verði falið sérstökum eftirlitsmanni, sem starfar undir yfirstjórn landlæknis.

Skulu nú skýrðar einstakar greinar frumvarpsins:

I. KAFLI

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um 2. gr.

Grein þessi er að efni til sama og 1. gr. gildandi veitingalaga.

Um 3. gr.

Grein þessi er eins og 2. gr. veitingalagafrumvarpsins 1951 og 3. gr. frumvarpsins 1957 og 1958, nema hér er tekin upp sú viðbót við 2. gr. gildandi laga, sem gerð var með lögum nr. 33/1937, um veitingar í skipum í höfn.

Í eldri frv. var greinin skýrð þannig:

Lagt er til að gististaðahald og veitingasala verði áfram bundin leyfi, eins og nú er samkvæmt gildandi lögum, enda skiptir miklu máli, að vandaðir menn og heiðvirðir veljist til þessara starfa. Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú, að útgáfa leyfa er á sömu hönd og verið hefur hjá lögreglustjórum á hverjum stað, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 3. gr., 2. mgr.

Túlkun á því, hvenær menn teljast „gera sér að atvinnu“ sölu þá, er frumvarpið fjallar um, hlýtur að fara mjög eftir atvikum í hverju einstöku tilfelli. Ljóst er þó, að hér fellur ekki undir, þótt menn hýsi gesti við og við og þiggi greiðslu fyrir. Til þess að um „atvinnu“ í skilningi frumvarpsins geti verið að ræða, verður starfsemin að vera rekin að staðaldri. Ekki fellur heldur hér undir leiga á herbergjum í venjulegri fjölskylduíbúð.

Um 4. gr.

Hér eru talin þau persónulegu skilyrði, sem sá, er leyfi vill fá útgefið, verður að fullnægja. Eru skilyrðin svipuð og í eldri frv., en þó fellt niður ákvæði um óflekkað mannorð, með hliðsjón af almennri stefnubreytingu íslenzkrar löggjafar, sbr. l. 34, 24. marz 1961, og einnig ákvæði 5. liðs 3. gr. í frv. 1951, sem er 5. liður 4. gr. í frv. 1957 og 1958, um að umsækjandi hafi ekki verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan innflutning eða sölu áfengis síðustu 3 árin. Var þetta skilyrði fellt niður vegna eindreginna tilmæla Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, sem töldu meiðandi fyrir veitingamenn að ákvæði þetta væri í lögum og töldu ákvæðið geta orðið túlkad þannig, að veitingamenn væru öðrum líklegri til þeirra brota, sem að er vikið í umræddum tölulíð. Nefndin taldi ekki ástæðu til að halda umræddu ákvæði í frumvarpinu áfram, með hliðsjón af hinum ýtarlegu ákvæðum VIII. kafla áfengislaga, nr. 58 24. apríl 1954, sbr. einkum 40. gr.

Að öðru leyti er hliðstæð grein í eldri frv. skýrð þannig í greinargerð þeirra:

Í gildandi veitingalögum (3. gr. 5. tl.) er það eitt skilyrði fyrir útgáfu leyfis, að umsækjandi hafi „meðmæli“ bæjar- og sveitarstjórnar. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að álit þessara aðila liggi fyrir, ásamt áliti heilbrigðisnefndar (héraðslæknis þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Ætti að vera tryggt, að með umsögn heilbrigðisnefndar um húsnæðið og umsögn bæjar- eða sveitarstjórnar um ástæður umsækjanda og annað, er máli gæti skipt, sé lög- reglustjóri allvel undir það búinn að úrskurða, hvort veita skuli hið umbeðna leyfi eða ekki. Þá má einnig benda á, að minna væri í húfi en áður, þótt eitthvað bregði út af með veitingu leyfis, ef á kemst eftirlit það, sem frumvarpið felur í sér, og einnig stað- og tímabundið gildi leyfanna. Þá er heimilað að skjóta til ráðuneytis úrskurði lögreglustjóra um veitingu eða synjun leyfis.

Loks er lagt til að heimild hreppstjóra til að leyfa tækifærisveitingar (sbr. 2. gr. gildandi laga) haldist og enn fremur að lögreglustjóri geti leyft slíkar veitingar í sínu umdæmi, án þess að leita þar um umsagnar á venjulegan hátt. Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í réttum, þar sem almennur mannfagnaður er o. s. frv.

Um 5. gr.

Hér er gerð nokkur efnisbreyting frá eldri frv. Þar var skilyrði fyrir útgáfu leyfis til félags, að meiri hluti stjórnar þess, þ. á m. allir þeir, er firmað rituðu, uppfylltu hin almennu skilyrði, sem lagt var til að sett væru fyrir útgáfu leyfa til einstaklinga.

Hér er ekki gengið lengra en að leggja til að formaður stjórnar og þeir, er firmað rita, eða bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, uppfylli hin almennu skilyrði. Er því gengið nokkru skemmra en í eldri frv., þó án þess að þetta ákvæði verði áhrifaminna en nú, þvert á móti.

Nú hefur lögreglustjóri mjög slæma aðstöðu til að fylgjast með, hvort félag, sem leyfi hefur fengið, fullnægir settum skilyrðum, nema þegar leyfi er gefið út. Endurnýjun leyfanna, sem hér er gert ráð fyrir (sbr. 21. gr. 3. mgr.) opnar lögreglustjóra leið til að fylgjast með því, að ákvæði þessarar greinar séu virt, að viðlagðri afturköllun leyfis (sbr. 7. gr. 1. tl.).

Um 6. gr.

Grein þessi er orðrétt eins og 5. gr. frv. 1951 og 6. gr. frv. 1957 og 1958.

Í greinargerðum eldri frumvarpa var greinin skýrð þannig:

Grein þessi er að efni til sama og 4. gr. gildandi laga, nema hér er fellt niður bann við að veita skipstjórum leyfi. Virðist ekki meiri ástæða til að undanskilja þá en t. d. flugmenn eða jafnvel alla farmenn og aðra sjómenn, er sigla milli landa.

Um 7. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. frv. 1951 og 7. gr. frv. 1957 og 1958, að því undanskildu, að felldir hafa verið niður tveir töluliðir greinarinnar, þar sem annar fólst einnig í skilyrðum 4. gr. og féll því undir 1. tl. þessarar greinar, en um efni hins eru nú lögfest ákveðin og strangari ákvæði, með VIII. kafla áfengis laga nr. 58 24. apríl 1954.

Afturköllun leyfis mundi oftast koma til greina, þegar leyfishafi fullnægir, af einhverjum orsökum, ekki lengur einhverju þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir útgáfu leyfisins.

Um 8. gr.

Grein þessi er orðrétt samhljóða 7. gr. frv. 1951, og 8. gr. frv. 1957 og 1958.

Í greinargerð eldri frumvarpa var greinin skýrð þannig:

Verði leyfishafi gjaldþrota, er búinu heimilt að nota leyfi þrotamannsins áfram, meðan skipti standa yfir. Forstöðumaðurinn verður þó að hafa leyfi til gistihússtjórnar, ef starfsemin hefur verið rekin með gistihúsleyfi, þá geta einnig eftirlifandi maki og lögerfingjar leyfishafa gengið inn í rétt arfleifanda samkvæmt leyfinu og rekið starfsemina í heilt ár frá dauða leyfishafa, án forstöðumanns með réttindum. Þykir rétt að létta undir með erfingjum þeim, sem við rekstrinum taka, með því að gefa þeim þennan frest. Í 7. gr. gildandi laga er að finna skyld ákvæði.

Um 9. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

III. KAFLI

Í kafla þessum eru nú sameinuð flest sérákvæði frumvarpsins um gististaði, einnig ákvæði um gistiskála, sbr. 14. gr., en áður voru þau ákvæði á fleiri en einum stað í næsta kafla. Þykir þessi efnisskipan eðlilegri. Í samræmi við þetta er fyrirsögn kaflans breytt, en heiti hans í eldri frumvörpunum var „gistihús (hótel)“, en er nú „Um gististaði“. Gististaður er samnefni um þá staði, þar sem gisting er seld, sbr. orðaskýringar 1. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti er efni kaflans samhljóða tilsvarendi köflum eldri frumvarp-anna, en þar voru gefnar eftirfarandi skýringar á kaflanum:

Rökin, sem færa má fram fyrir því að flokka gististaði eftir stærð og búnaði eru aðallega þau, að slíkt sé til þæginda fyrir ferðamenn. Óhætt ætti að vera að treysta því, að gististaður, sem hefur orðið „gistihús“ eða „hótel“ í nafni sínu, fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað. Hefur þessi háttur verið hafður á, í sumum mestu ferðamannalöndum Evrópu, t. d. Noregi. Sérfróðir menn hafa fullyrt, að Ísland eigi mikla framtíð fyrir sér sem ferðamannaland, ef réttléga er á málunum haldið. Veltur þá ekki hvað minnst á, að aðbúnaður sé sómasamlegur á þeim gististöðum, sem erlendir ferðamenn eru líklegir til að heimsækja. Það má því með sannri segja, að framtíð Íslands sem ferðamannalands velti á því, hvernig á gistihúsmálum vorum er haldið.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að aðalreglan verði sú sama og lagt var til í eldri frumvörpunum, að leyfi verði gefið út til þess, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni, þ. e. oftast eiganda. Hér er þó lagt til, að heimilt sé að gefa leyfi út á nafn forstöðumanns starfseminnar, ef fyrir liggur samþykki eiganda eða þess, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni. Athugandi er, að jafnframt því að heimila gistihúsarekstur, felur gistihúsleyfi einnig í sér leyfi til veitingasölu í sambandi við gistihúsið.

Í frv. 1951 voru að öðru leyti gefnar eftirtaldar skýringar við 11. gr. frv., sem fjallaði um sama efni og 10 gr. þessa frumvarps:

Í gildandi veitingalögum eru leyfi ekki staðbundin að öðru leyti en því, að þau gilda aðeins í ákveðnum hreppi eða kaupstað (sbr. 9. gr. laganna). Í frumvarpinu er lagt til að leyfin verði bundin við ákveðinn stað og einnig tímabundin. Nýr eigandi mundi þannig þurfa að afla sér nýs leyfis og einnig mundi leyfisa-hafa verða leyfi ónýtt, ef hann flytti starfsemina í annað húsnæði og vildi hefja rekstur þar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu, að sami eigandi geti rekið mörg gistihús, en til þess þarf hann jafn mörg gistihúsleyfi og auk þess fullnægja ákvæðinu um forstöðumann með réttindum á hverjum stað.

Oft nær sama gistihús yfir fleiri en eina byggingu og er nauðsynlegt, ef þær eru aðskildar, að taka greinilega fram til hvaða bygginga starfsemin taki.

Um 11. gr.

Grein þessi samsvarar 12. gr. frv. 1951 og 11. gr. frv. 1957 og 1958. Í frumvarpinu 1951 var lagt til, að það skilyrði væri sett fyrir notkun gistihúsleyfis, að forstöðumaður starfseminnar hefði hin sérstöku réttindi, sem lagt var til í frumvarpinu, að áskilin væru til stjórnar gistihúss. Í frumvörpunum 1957 og 1958 var sú breyting gerð á, að í stað kröfunnar um að forstöðumaður hefði umrædd réttindi, var aðeins krafizt að í gistihúsinu starfaði maður, sem hefði þessi réttindi. Þetta þykir ekki nægilegt og er því lagt til hér, sbr. 4. tl., að þess verði krafizt, að maður með þessi réttindi starfi „að staðaldri við daglega stjórn“ í gistihúsinu.

Samkvæmt þessu frumvarpi er það því skilyrði fyrir notkun leyfisins, að maður með réttindi samkvæmt 12. gr. eða samkvæmt 25. gr. 2. mgr. starfi að staðaldri við daglega stjórn í gistihúsinu.

Í 3. tl. er það skilyrði sett, að ekki þyki óheppilegt „af sérstökum ástæðum“, að fyrirtækið starfi. Er hér fyrst og fremst átt við, að óheppilegt gæti verið af félagslegum orsökum, að leyfa starfsemina á þeim stað, sem óskað er eftir, t. d. í nágrenni sjúkrahúss, skóla, elli- eða barnaheimilis. Þá gæti einnig hugsast að einhverjir þeir annmarkar væru á högum umsækjanda, sem gerðu hann óhæfan til að hafa ábyrgð á gistihússtarfsemi, og myndi þá heimilt að beita þessu ákvæði.

Sá sem telur sig órétti beittan, getur skotið máli sínu til ráðuneytisins, sbr. niðurlag 4. gr., og ætti það að vera aukin trygging fyrir því, að umrætt ákvæði verði ekki misnotað.

Um 12. gr.

Grein þessi er samhljóða 13. gr. frv. 1951 og 12. gr. frv. 1957 og 1958.

Störf þeirra manna, er annast stjórn gistihúss eru ærið margbrotin og vanda-söm, en enginn skóli hérlendis til þess ætlaður að búa menn sérstaklega undir þau. Þykir þó rétt að krefjast þess, að þeir menn, sem stjórnna eiga gistihúsi, hafi öðlast nokkra þekkingu á slíkri starfsemi, annað hvort lokið prófi í sérskóla, sem ráðuneytið viðurkennir, eða lokið sveinsprófi í þeim iðngreinum, sem veita ættu að nokkru leyti hliðstæða þekkingu, enda hafi í öllum tilfellum bætzt við nokkur reynslutími umsækjanda við þau gistihússtörf, sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Er sér í lagi ætlað til að umsækjandi hafi kynnt sem flestu, er að rekstri gisti-húss lýtur.

Samkvæmt 24. gr. 2. mgr. munu auk þeirra, sem öðlast réttindi samkv. þessari grein, margir geta fengið sömu réttindi án sérstaks prófs.

Um 13. gr.

Grein þessi er efnislega svipuð og tilsvarendi greinar eldri frumvarpanna, en bætt hér inn í heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um aðbúnað gesta og búnað gistiberbergja á einkaheimilum eða annars staðar utan gististaða ef leigð eru gestum fyrir milligöngu gistihúsa eða annarra, t. d. flugfélaga eða ferðaskrifstofa.

Þykir þessi viðbót eðlileg, þar sem slík leiga herbergja tíðkast í vaxandi mæli og ekki er síður ástæða til að lögin og reglur, sem settar verða samkvæmt þeim, nái til slíkrar leigustarfsemi en til almennra gististaða.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar er tekið úr ákvæðum þess kafla eldri frumvarpanna, sem fjallaði aðallega um veitingastaði. Þykir fara betur á, að þessi ákvæði um gisti-skála og gistiheimili séu í sama kafla og ákvæði um gistihús.

IV. KAFLI

Um 15. gr.

Efni þessarar greinar er svipað og 16. gr. frv. 1951 og 14. gr. frv. 1957 og 1958. Þó er hér gert ráð fyrir, að veitingaleyfin verði flokkuð eftir því hvers konar þjónusta er í té látin og einnig eftir því hvort veitingastaðurinn er opinn alla daga eða ekki.

Í sjálfu frumvarpinu hefur þessi flokkaskipting ekki áberandi þýðingu, en gert er ráð fyrir, að ef það nær fram að ganga, verði sett nánari ákvæði í reglu-gerð um það, hverjar kröfur skuli gera til hvers flokks, að því er að húsrými, húsbúnaði og öðru slíku lýtur.

Eins og gististaðaleyfin, eru veitingaleyfin bundin við tiltekinn stað.

Um 16. gr.

Grein þessi er að efni nær samhljóða 17. gr. frv. 1951 og 15 gr. frv. 1957 og 1958. Þó er fellt niður lágmarksákvæði um sætafjölda veitingahúss úr 1. tl. grein-

arinnar, þar sem eðlilegra þykir, að það komi í reglugerð með öðrum skyldum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt heimild í 15. gr.

Um skilyrði 3. tl. greinarinnar visast til skýringa við 11. gr. hér að framan, á sams konar ákvæði þar.

Í frumvarpinu er ekki, fremur en með eldri frumvörpunum, lagt til að skylt verði að hafa mann með ákveðna sérþekkingu starfandi nema í gistihúsi (hótel), en hins vegar er augljóst að ekki er síður ástæða til að gera slíkar kröfur, ef um stór veitingahús er að ræða. Er hér sem fyrr lagt til, að lögreglustjóri meti það, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, hvort ástæða sé til að setja það skilyrði fyrir notkun veitingaleyfis, að þar starfi að staðaldri matreiðslumaður eða maður með sambærilega menntun, ef um það umfangsmikla starfsemi er að ræða, að líkur eru til að hún beri þann aukna kostnað, sem þessu fylgir.

Sams konar ákvæði eru í 2. mgr. 14. gr., að því er að gistiskálum lýtur.

V. KAFLI

Í kafla þessum er nýmæli, sem lýtur að matstofum á vinnustöðum, sem ætlazt er til að sum ákvæði þau, sem frumvarpið felur í sér, nái til.

Slíkar matstofur eru nú starfræktar mjög víða og í vaxandi mæli og er síður en svo ástæða til að amast við því eða torvelda slíka starfsemi með opinberum afskiptum. Hins vegar er full ástæða til þess að tryggja eftir megni, að heilbrigðis-öruggis sé gætt hér sem annars staðar, enda þótt ekki sé um veitingahús að ræða í skilningi frumvarps þessa.

Í nefnd þeirri, er þetta frumvarp samdi, voru nokkuð skiptar skoðanir um þetta mál. Sumir nefndarmanna vildu gjarnan ganga lengra í opinberum afskiptum með matstofum á vinnustöðum, en aðrir helzt ekki leggja til, að þær væru að neinu leyti teknar með.

Varð loks samkomulag um þær tillögur, sem felast í 17. og 18. gr. frumvarpsins.

Í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku, er í veitingalögum kaflí um matstofur á vinnustöðum og að því stefnt að tryggja hreinlæti og öryggi þeirra, sem þar matast, og einnig að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni slíkra matstofa við veitingastaði.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessarar greinar nái aðeins til matstofa, sem ætlaðar eru til matseldar að staðaldri fyrir 30 manns eða fleiri. Því falla hér ekki undir t. d. matstofur í verbúðum, sem starfræktar eru aðeins meðan á vertíð eða veiðitíma stendur og að sjálfsögðu ekki vinnuflokkar, t. d. við vegagerð eða slíka vinnu, né heldur skip.

Rétt er að leggja áherzlu á, að afskipti eftirlitsins beinast eingöngu að hreinlæti og vinnuaðstöðu, en ekki öðru. Er að sjálfsögðu ekki langt gengið með þessu og full ástæða til að þar sem svo margt fólk matast að staðaldri, sé litið eftir, að matargeymslur og fyrirkomulag í eldhúsi sé fullnægjandi, svo og aðbúnaðar starfsfólks á vinnustað.

Um 18. gr.

Ekki þykir rétt að matstofur séu þannig starfræktar, að þær verði keppinautar veitingahúsa. Matstofur eru ætlaðar til mötuneytis starfsfólks og til að starfsfólk eigi þar athvarf með félagslíf sitt og skemmtanir innbyrðis en ekki til almenns samkomuhalds með veitingum, nema almennt veitingaleyfi sé fengið.

VI. KAFLI

Um 19. gr.

Í gildandi lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins er til þess ætlazt, að Ferðaskrifstofan haldi uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum. Hefur þessi skipan

haldizt allt frá því 1936, að lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins voru sett, l. nr. 33, 1. febrúar 1936.

Af ýmsum orsökum er hér lagt til, að breytt skipan verði upp tekin og eftirlitið falið sérstökum, föstum starfsmanni, undir stjórn landlæknis. Jafnframt er þó gert ráð fyrir, að þar sem sérstakt heilbrigðiseftirlit er starfandi, sé heimilt að fela því eftirlitið þar og einnig, að eftirlitsmaður skuli leita samvinnu við héraðslækna og heilbrigðisnefndir.

Við athugun á greinargerð veitingalagafrumvarpsins frá 1951 sést, að það er fyrst og fremst af sparnaðarástæðum, að lagt er þar til, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi eftirlitið með höndum áfram. Verður að fallast á það, að nokkur aukinn kostnaður hlýtur að verða samfara hinni nýju skipan, sem hér er lagt til að tekin verði upp. Hins vegar hefði verið óhjákvæmilegt, ef eftirlitið á að vera meira en nafnið tómt, að ætla til þess meira fé en gert hefur verið undanfarið, jafnvel þótt Ferðaskrifstofa ríkisins hefði haft það með höndum áfram, enda var sérstaklega benti á það í greinargerð frv. 1951, að nauðsynlegt væri að ætla eftirlitinu hærri fjárveitingu en gert hefði verið undanfarin ár á fjárlögum.

Nú verður því ekki neitað, að Ferðaskrifstofa ríkisins á mikil viðskipti við gisti- og veitingastaði. Ferðamannahópar á vegum skrifstofunnar ferðast víða um land og fararstjórar Ferðaskrifstofu ríkisins annast uppgjör við gisti- og veitingastaði. Virðist því óeðlilegt, að þessum viðskiptaaðila gisti- og veitingastaðanna sé jafnframt falið eftirlit með starfsemi þeirra.

Samband Veitinga- og gistihúseigenda hefur eindregið mælt til að hér yrði breyting á gerð, í þá átt, sem frumvarpið gengur.

Um 20. gr.

Hingað til hefur eftirlit með gisti- og veitingastöðum ekki haft nægileg áhrif og liggja til þess ýmsar orsakir. Bæði er, að eftirlitsmenn hefur skort vald til að fylgja eftir aðfinnslum sínum og einnig er óljóst, hvaða kröfur gildandi lög heimila að gerðar séu til gisti- og veitingastaða. Úr síðarnefnda atriðinu mun verða bætt, ef frumvarp þetta verður að lögum og gefnar verða út reglugerðir þær, sem hér er gert ráð fyrir. Fyrirnefnda atriðinu ræður frumvarpið einnig bót á. Eftirlitinu er gert kleift að knýja fram kröfur sínar um lagfæringar og breytingar til samræmis við ákvæði frumvarpsins og reglugerðar. Er á valdi lögreglustjóra að meta, hvort stöðva skuli reksturinn, eftir kröfu landlæknis, að gefinni aðvörun eða ekki, eða grípa til annarra ráða, t. d. neita um endurnýjun leyfisins, næst er endurnýja skal, unz aðfinnslur eftirlitsins hafa verið teknar til greina.

Um 21. gr.

Grein þessi er samhljóða 18. gr. eldri frumvarpanna og var skýrð þannig í greinargerð 1951:

Hér er lagt fyrir ráðherra að gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti og hollustuháttu þeirrar starfsemi, sem frumvarpið fjallar um. Verða ekki bornar brigður á nauðsyn þessa, þar sem ýmis þeirra ákvæða, sem setja þarf, hljóta að verða reglugerðarákvæði, t. d. um gerð herbergja og stærð, húsgögn, uppþvott o. fl.

Ákvæðin um opunar- og lokunartíma eru nýmæli. Er talið nauðsynlegt að hægt sé að tryggja að gisti- og veitingastaðir loki ekki almennt t. d. á hátíðisdögum, en að því hafa verið nokkur brögð, viðskiptavinum til mikils óhagræðis. Ekki er síður ástæða til að setja ákvæði um lokunartíma slíkra staða.

Um 22. gr.

Hér eru ákveðin gjöld þau, sem greiða ber í ríkissjóð fyrir leyfi þau, sem lögum gera ráð fyrir.

Verður ekki sagt að gjöldin séu óeðlilega há, samanborið við hliðstæð gjöld önnur. Samkvæmt l. nr. 40, 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari

breytingum, kosta gistihúsleyfi nú kr. 3000.00 en veitingaleyfi kr. 1500.00. Hér er lagt til að það gjald verði aðeins lagt á leyfi fyrir umfangsmestu starfsemina, en síðan fara gjöldin stíglækkandi, eftir því um hvaða starfsemi er að ræða. Fyrir tækifærisveitingar og endurnýjun leyfis er gert ráð fyrir 150 króna gjaldi, sem er jafnt hinu almenna leyfisbréfastgjaldi, eins og það nú er.

Nýmæli er það, að þeir sem nú hafa veitingaleyfi samkvæmt gildandi veitingalögum, skuli aðeins greiða sem svarar endurnýjunargjaldi fyrir fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt nýju ákvæðunum. Fyrir önnur leyfi þurfa þeir síðan að greiða hin almennu gjöld.

Þá er það einnig nýmæli, sem ekki var í eldri frumvörpunum, að er starfsemi er flutt í ný húsakynni og gefa þarf út nýtt leyfi af þeim sökum, skuli gjald fyrir það leyfi aðeins vera sama og endurnýjunargjald, þ. e. 150 krónur. Þar sem gert er ráð fyrir að leyfin gildi aðeins til starfsemi í þeim húsakynnum, sem til er tekið í leyfinu, þarf að gefa út nýtt leyfi, ef starfsemin er flutt í ný húsakynni. Þykir ekki sanngjarnt að ætla nema lága greiðslu fyrir slík leyfi.

Lagt er til, að leyfin verði endurnýjuð á fjögurra ára fresti og er það gert til þess að koma á lífrænna sambandi milli leyfishafa og lögreglustjóra en verið hefur og opna lögreglustjóra leið til að fylgja aðfinnslum eftirlitsins eftir, án þess að nota þá heimild, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, til stöðvunar starfsemi.

Um 23. gr.

Grein þessi hnígur efnislega í sömu átt og 8. gr. gildandi laga, þó með þeim breytingum, sem leiða af skipulagsbreytingum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 24. gr.

Grein þessi er samhljóða 21. gr. eldri frumvarpanna, sem 1951 var skýrð þannig í greinargerð:

Grein þessi stefnir að því að veita þeim, sem nú reka gististaði undir nafninu gistihús eða hótél og ekki fullnægja, um stærð eða annað, þeim kröfum, sem gerðar eru um gistihús í frumvarpinu og reglugerð, sem sett verður, ef frumvarpið verður að lögum, nokkurn frest til að ráða bót á því, sem á skortir, eða að öðrum kosti breyta nafni fyrirtækisins.

Um 25. gr.

Í 24. gr. var lagt til að fyrirtækjum, sem veitingalög ná til, og starfað hafa ákveðinn tíma fyrir gildistöku hinna nýju ákvæða, verði veittur nokkur frestur til að koma húsnaði og búnaði í það horf, sem lagt er til að krafizt verði, eða ákveðið verður með reglugerð.

Í þessari grein er aftur á móti vikið að því, hvernig fari um persónuleg réttindi þeirra manna, sem starfandi eru við gistihús við gildistöku hinna nýju ákvæða og starfað hafa ákveðinn tíma. Er lagt til að slíkir menn fái ótímabundin réttindi samkvæmt 12. gr. frv. Gildir þetta bæði um þá, sem reka gistihús með eigi færri en 20 rúnum, og hafa gert síðustu 12 mánuðina áður, og um þá, sem unnið hafa við stjórn gistihúss ákveðinn tíma. Þessir menn þurfa þó að uppfylla skilyrði 1.—3. tölul. 4. gr. Hætti leyfishafi að uppfylla eitthvert hinna persónulegu skilyrða, myndi leyfi hans afturkallanlegt, sbr. 7. gr. 1. tl.

Tilgangurinn með grein þessari er sá, að gera þeim mönnum, sem byggt hafa áfkomuvon sína á þessari atvinnugrein, varið til þess fé eða unnið að slíkum störfum árum saman, kleift að halda áfram á sömu braut.

Um 26., 27. og 28. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.